

2. Bókun þessi skal dagsett þann dag, sem hún er lögð fram til undirskriftar, og skal heimilt að undirrita hana í næstu fjórtán daga, en að þeim tíma liðnum skal heimilt að gerast aðili að bókuninni.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Í Félagsheimilasjóð rennur skattur af skemmtunum, eftir því sem segir í lögum um skemmtanaskatt.

Verja skal allt að 90% af tekjum sjóðsins til að styrkja byggingar félagsheimila samkvæmt 1. gr. Til þess að hefja byggingu nýs félagsheimilis, er njóti styrks úr sjóðnum, þarf leyfi menntamálaráðherra, enda samþykki hann staðsetningu þess og teikningu. Hann getur sett það skilyrði fyrir styrkveitingu, að sveitarfélag, þar sem félagsheimili á að byggja, láti ókeypiss í té viðunandi byggingarlóð. Einnig getur ráðherra sett það skilyrði fyrir styrk úr sjóðnum, að fleiri en eitt félag standi að byggingu félagsheimilis, svo og sett þau önnur skilyrði viðvíkjandi gerð og notkun félagsheimilanna, sem hann telur nauðsynleg til þess, að þau komi að sem bestum notum og séu sem mest við hæfi bæjar þess eða byggðar, þar sem þau eru reist.

Af tekjum Félagsheimilasjóðs skulu 10% renna í menningarsjóð félagsheimila. Skal því fé varið til að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilunum. Styrkveitingu til menningarstarfsemi einstakra félagsheimila má binda því skilyrði, að tiltekinn hluti aðgangseyris að samkomum félagsheimilisins renni í sérstakan menningarsjóð þess. Skal stjórn félagsheimilisins varðveita þann sjóð, og verður honum eingöngu varið til menningarstarfsemi í því félagsheimili.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Stjórn Félagsheimilasjóðs er í höndum menntamálaráðherra. Veitir hann styrki úr sjóðnum samkvæmt 2. gr. að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og íþróttanefndar.

Umsóknir um styrki skal senda íþróttanefnd. Ef um er að ræða umsókn um byggingarstyrk, skal fylgja nákvæm lýsing á húsi því, sem fyrirhugað er að byggja, ásamt greinargerð fyrir þörfinni á félagsheimili á viðkomandi stað og um fyrirhugaða notkun þess. Sé sótt um styrk úr menningarsjóði félagsheimila, skal gerð nákvæm grein fyrir, hvernig fyrirhugað er að verja styrknum.

Ekki má styrkur til byggingar félagsheimilis, hvort heldur eitt eða fleiri félög standa að því, nema hærri fjárhæð en svarar 40% af byggingarkostnaði.

Nú hefur félagsheimili notið eða nýtur byggingarstyrks úr ríkissjóði, auk þess sem fyrir er mælt í lögum þessum, og má þá styrkur samkvæmt þeim ekki nema meiru en svo, að hann ásamt ríkisstyrknum nemi 40% af byggingarkostnaði.

Heimilt skal Félagshéimilásjóði að gefa út skuldabréf til allt að 15 ára með venju- legum vöxtum til greiðslu á styrk til þeirra félagsheimila, sem byggingu er lokið á eða eru í byggingu. Menntamálaráðherra gerir, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og íþróttanefndar, áætlun um, hvernig væntanlegum tekjum sjóðsins skuli skipt milli styrkja til félagsheimila og endurgreiðslu á skuldabréfunum ásamt vöxtum, enda skulu þá tekjur sjóðsins áætlaðar varlega. Heimilt er að veita ríkisábyrgð fyrir þess- um skuldabréfum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Fellur þá jafnframt úr gildi 2. gr. laga nr. 47 5. júní 1957, um breyting á lögum nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt 1. gr. laga nr. 47 5. júní 1957 inn í lög nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili, og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

L Ö G

um skemmtanaskatt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam- þykki mínu:

1. gr.

Greiða skal skatt samkvæmt lögum þessum, þegar aðganga er seld að skemmt- unum fyrir almenning.

Í sveitarfélögum, sem hafa færri en 1500 íbúa, skal þó ekki innheimta skatt af verði aðgöngumiða á skemmtanir, sem taldar eru í 1., 2. og 3. flokki.

2. gr.

Þessar skemmtanir teljast skattskyldar og flokkast þannig:

1. flokkur.

- a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
- b. Sjónleikar.
- c. Danssýningar.
- d. Fyrirlestrar og upplestrar.
- e. Hlutaveltur, í hverju skyni sem haldnar eru.

Af skemmtunum, er til þessa flokks teljast, greiðist 10% skattur af brúttóverði seldra aðgöngumiða. Af hlutaveltum greiðist sami skattur, einnig af brúttóverði seldra hlutaveltumiða.